


FRÉTTABRÉF NÓVEMBER 2008

Félag dönskukennara



Ágætu félagsmenn!

Eins og greint var frá í síðasta fréttabréfi á félagið okkar afmæli á þessu ári. Undanfarið hefur stjórnin verið að kanna möguleika á að halda málþing fyrir dönskukennara; þar sem við getum hist og spjallað saman um leið og við sækjum okkur faglegan fróðleik. Okkur hefur nú tekist að afla fjár til að standa straum af stærstum hluta kostnaðarins af afmælisþingi í Glym í Borgarfirði dagana 16. og 17. janúar.

Dagskráin er enn í mótun en gert verður ráð fyrir að mæting verði á föstudeginum um 14.30 og síðan taki málþingið við. Meðal annars mun Lilja Ósk Úlfarsdóttir dr. í sálfræði frá Edinborgarháskóla fjalla um vinnusálfræði og tengja það kennarastarfinu við hinar ýmsu kringumstæður. Kvöldverður og skemmtun verður um kvöldið. Á laugardeginum verður dagskrá fyrir hádegi og mun málþinginu ljúka um eða eftir hádegi.

Á Glymi er öll aðstaða til fyrirmyndar; heitir pottar, „hygge kroge“ og í eldhúsinu eru menn rómaðir fyrir frábæra matargerðarlist. Ekki er komið endanlegt verð en þess má geta að málþingið verður verulega niðurgreitt af félaginu.

Jólahlaðborð.

Hið árlega jólahlaðborð félagsins verður á „sínnum stað“, þ.e. í Kornhlöðunni á bak við Lækjarbrekku laugardaginn 29. nóvember kl. 12.00. Eins og endranær verður mikið fjör og mikið gaman; happadrætti, söngur og leikin verður létt jazztónlist. Verð fyrir hlaðborðið er kr. 4.800,- og er skráning hjá Guðrúnu Sigríði á netfanginu gss@tskoli.is.

Heimasíða Fdk.

Heimasíðan www.fdk.is er tilbúin og verður hún opnuð fljótlega. Síðan verður aðgengilegri og er það von okkar að hún muni nýtast dönskukennurum betur. Ef þið lumið á einhverju sem sniðugt væri að setja á síðuna megið þið endilega láta okkur vita.

Kaffihúsakvöld.

Fimmtudaginn 13. nóvember verður haldið kaffihúsakvöld, en að þessu sinni verður það haldið í KÍ húsinu og boðið verður upp á kaffi og meðlæti. Gestur okkar að þessu sinni er Guðni Olgeirsson sérfræðingur í Menntamálaráðuneytinu. Hann er einn þeirra sem hefur unnið að gerð laganna sem lúta að komandi breytingum í skólakerfinu. Umræður og fyrirspurnir. Fundurinn hefst kl. 20.00.

Haustþing kennarafélags Suðurlands.

Fdk var boðið að senda fulltrúa á haustþing Kennarafélags Suðurlands sem haldið var í Hveragerði 25.—26. september. Þar var starfsemi félagsins kynnt og allir sem ekki eru í félaginu að sjálfsögðu hvattir til að skrá sig. Að lokum ræddu kennarar saman um kennsluefni og kennsluaðferðir.

„Dansk som fremmedsprog på Island, Grønland og Færøerne“; Námskeið á vegum Nordsprák.

Þar sem enginn þátttakandi hefur sótt um frá Grænlandi á þetta námskeið eru þrjú pláss laus í viðbót fyrir Íslendinga.

Kurset fokuserer på undervisningen i dansk som fremmedsprog i Island, Grønland og på Færøerne, hvor dansk er vigende i forhold til engelsk. Formålet med kurset er at præsentere deltagerne for undervisningen i dansk i de tre lande for derved at drage nytte af hinandens erfaringer.

Arbejdsformen er forelæsning og diskussion. Foruden fagdidaktiske forelæsninger bliver der også forelæsninger om undervisning og undervisningsmidler fra hvert af de respektive lande.

De fleste af de unge i Vestnorden, som tager en højere uddannelse, rejser til Danmark for at få denne uddannelse. Disse studenter møder ofte en sproglig barriere, som kan være svær at komme over. Det er derfor nødvendigt at sætte fokus på dansk undervisningen i Vestnorden og få en konstruktiv diskussion om, hvordan de tre lande kan inspirere hinanden og sammen fremme beherskelsen af dansk sprog og nordisk bevidsthed i Vestnorden.

Sted: Hotel Kong Arthur, Nørre Søgade 11, 1370 København K

Tidspunkt: 05.-08. februar 2009

Pris: 2.000 DKK

Tilmelding: Senest november 2008 hos Auði audur@kvenno.is

Målgruppe: Lærere i dansk som fremmedsprog i Island, Grønland og på Færøerne

Norden i bio.

Norðurlöndin í bíó er nýtt og aðgengilegt kennsluefni sem ætlað er að vekja áhuga nemenda í 10. bekk og framhaldsskólanum á

Norðurlöndunum og norrænum tungumálum. Um er að ræða fimm norrænar stuttmyndir á DVD-diski með kennsluleiðbeiningum. Þema efnisins skólaárið 08/09 er umburðarlyndi.

DVD-diskurinn og kennsluefnið kosta 2820 kr. Sendingarkostnaður er innifalinn í verði.

Efnið er pantað á vefslóðinni www.nordenibio.org. Á vefnum má einnig sjá sýnishorn úr myndunum og fjölbreytt ítarefni.

FRÉTTABRÉF nóvember 2008

Ábyrgðarmaður: Auður Leifsdóttir
Stígahlíó 35, Reykjavík
Pósthólf 8112, 128 Reykjavík
Netfang: fdk@fdk.is

The logo consists of a black square with a white, horizontally-oriented oval shape inside. The text "www.fdk.is" is written in a bold, black, sans-serif font across the center of the white oval.

www.fdk.is